

Til að opna nýja stofu sjúkrabjálfa þurfa eftirfarandi atriði að vera uppfyllt.

Sækja þarf um heimild til að opna nýja stofu til Sjúkratrygginga Íslands. Þau gögn sem skila þarf inn með umsókn eru:

- Teikningar af fyrirhugaðri starfsstofu með upplýsingum um staðsetningu.
- Afrit af samþykki frá heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags á að húsnæði uppfylli reglur um starfsleyfisskilyrði fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um hollustuhætt nr. 941/2002.
- Afrit af samþykki Landlæknis fyrir að rekstur stofu uppfylli faglegar lágmarkskröfur í samræmi við reglugerð nr. 786/2007 um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur.
- Staðfestingu á að tæki og búnaður séu í samræmi við fylgiskjal IV í samningi sjúkrabjálfa og Sjúkratrygginga dags. 21. maí 2024.
- Staðfestingu á stofnun fyrirtækis (sjúkrabjálfarastofu) frá fyrirtækjaskrá.
- Ef um er að ræða húsnæði sem er í eigu opinberra aðila, þarf að skila inn leigusamningi sbr. fylgiskjal IX í samningi frá maí 2024.

Þegar öll gögn hafa borist stofnuninni er metið hvort viðkomandi starfsstofa uppfylli skilyrði sem sett eru í 8. gr. samnings Sjúkratrygginga Íslands og sjúkrabjálfa frá maí 2024. Eiganda stofu er í framhaldi af því sent bréf þar sem staðfest er að viðkomandi stofa sé samþykkt af stofnuninni.

Ekki er heimilt að hefja störf á viðkomandi stofu fyrr en slík heimild hefur verið gefin af Sjúkratryggingum.

Sjúkrabjálfi sem flytur starfsemi sína á nýja stofu þarf jafnframt að fylgja leiðbeiningum **„Sjúkrabjálfi sem hefur störf“** eða **„Flutningur á aðra starfsstöð“** og skila þeim gögnum sem þar er óskað eftir.

Allar upplýsingar þurfa að liggja fyrir áður en viðkomandi hefur störf á nýrri stofu.